

5. fundur foreldraráðs Brimvers/Æskukots

Mættar eru Sigga Birna, Vigdís, Hanna Siv, Þóra Ósk og Ína.

Dagskrá fundarins:

1. Heilsueflandi leikskóli.
  2. Foreldrakönnun.
  3. Leikskóladagatal.
  - 4-5. Önnur málefni.
- 
1. Viðstaddir eru hlynntar því að leikskólinn taki þátt í aukinni heilsueflingu. Hugmyndir eru uppi um að tengja verkefnið við grunnskólastarfið.
  2. Almenn ánægja með hátt svarhlutfall í foreldrakönnuninni. Niðurstöður verða nýttar í umbótaáætlun að lokinni úrvinnslu. Meðal annars er stefnt á að bæta upplýsingaflæði innan leikskólans.
  3. Aðalfundur foreldraráðs og foreldrafélaga verður haldinn þann 20. september 2017. Stefnt er á að kynning á starfi leikskólans verði dagana 12. og 13. september 2017. Upp kom hugmynd um að breyta tímasetningu, þ.e. að bjóða foreldrum á kynningu að kvöldi til en síðustu ár hefur hún farið fram snemma að morgni. Einnig kom upp hugmynd um að bjóða foreldrum að skoða skólastarfið inni á deildum þar sem þeir kynnast kennsluáferðum og verkfærum sem notuð eru. Slík kynning færi fram að lokinni kennslu. Í sambandi við bónda- og konudagskaffi sem boðið hefur verið upp á undanfarin ár kom upp sú hugmynd að bjóða fjölskyldum nemenda í kaffi á degi leikskólans og sameina þannig viðburðina.
  4. Rætt um læsisstefnu Árborgar. Bæklingur skoðaður.
  5. Svo virðist sem tímaskortur sé viðvarandi í starfi leikskólastarfsfólks en upp hefur komið hugmynd um að ráðnir séu starfsmenn sem „rúlla“ eða fara á milli leikskóla innan Árborgar og auka þannig undirbúningstíma innan skólanna án þess að fjölga starfsdögum. Þannig sé hægt að styðja við faglegt starf leikskólanna.

Stefnt er á að næsti fundur verði haldinn í júní 2017. Á dagskrá er skipulagsvinna vegna skólaársins 2017-2018.

F.h. foreldraráðs,  
Sigrún Ína Ásbergsdóttir.